

Um smávirkjanir á orkuveitusvæði 5

442.20

1/11/41

Eftir viðtali við B. Dan., sem athugað hefur lauslega virkjunarmöguleika fyrir Dalina, virðist Haukadalsá vera sú eina, sem til greina komi.

Haukadalsá (B2M 224)

Vatnshæðarmælingar í Haukadalsá hafa verið gerðar frá miðjum okt. 1939. Safnlína hefur enn ekki verið teiknuð, en mælingarnar sýna, að búast megi við vetrarrennsli ca. 750 l/sek í allt að 100 daga. Úrkomusvæði árinna við mælistað er um 163 km² og svarar þetta því til ca. 4,6 l/sek pr. km². Veita má Þverá í Haukadalsvatn, og er stærð úrkomusvæðis um 65 km². Miðla má í Haukadalsvatni, sem er um 2,62 km² að stærð. Ef vatnsborð vatnsins yrði hækkað um 4 m frá hæð 37 m til 41 m, yrði flatarmál vatnsins ca. 4,1 km² (eftir uppdrætti herforingjaráðsins 1:50.000). Gera verður ráð fyrir, að efsti hálfí meterinn komi til með að vega upp á móti töpum vegna íss og leka og fæst þá nýtanlegur vatnsgeymir að stærð um 11,4 · 10⁶ m³. Virkjanlegt vatnsmagn yrði þá með 50% dægurmiðlun:

$$Q_{\max} = 1,5 \left(1,05 + \frac{11,4 \cdot 10^6}{100 \cdot 24 \cdot 3600} \right) = \underline{3,5 \text{ m}^3/\text{sek.}}$$

Meðalrennsli Haukadalsár einnar frá miðjum okt. 1939 til sama tíma 1949 var ca. 5 m³/sek.

Til er kort af svæðinu neðan Haukadalsvatns ásamt svæðinu milli Þverár og vatnsins, gert af S. M. í janúar 1946. (Teikn. Fnr. 818). Heppilegast mundi sennilega að stífla Haukadalsá um 900 m neðan við vatnið, en pípuleið þaðan að stöðvarstæði yrði um 400 m. Mesta hæð yfirfalls í ánni yrði 6-7 m á um 30 m

lengd. Brúttófallhæð yrði ca. 13 m (frá hæð 41 - 28 m), og með 75% nýtni í túrbínu og pípum yrði afl:

$$N = \frac{13 \cdot 3,5 \cdot 1000 \cdot 0,75}{75} = 460 \text{ h.ö.}$$

Engin kostnaðaráætlun hefur verið gerð, en óhætt má telja, að virkjunin verði talsvert dýr.

Loftlína til Búðardals er um 7 km.

Reykjavík, 25. 3. 1952.

Loftur Þorsteinsson